

# STJÓRNARTÍÐINDI B 114 – 1999

---

17. desember 1999

2617

Nr. 854

## REGLUGERÐ

um bann við síldveiðum austan við Ingólfshöfða og við Eldey.

1. gr.

Frá og með 20. desember 1999 til og með 29. febrúar 2000 eru allar síldveiðar bannaðar á eftirgreindum svæðum:

- A. 1. 63°53,50 N - 16°30,00 V  
2. 63°20,00 N - 16°30,00 V  
3. 63°35,00 N - 15°25,00 V  
4. 64°14,00 N - 15°25,00 V

- B. 1. 63°51,50 N - 24°00,00 V  
2. 63°40,00 N - 23°30,00 V  
3. 63°20,00 N - 24°20,00 V  
4. 63°37,00 N - 24°27,00 V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum skv. 16. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 79 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 753, 12. nóvember 1999, um bann við síldveiðum í Meðallandsbug.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 17. desember 1999.*

F. h. r.

**Þorsteinn Geirsson.**

\_\_\_\_\_  
*Jón B. Jónasson.*